

Hulda Kristjánsdóttir

From: Hulda Kristjánsdóttir
Sent: mánudagur, 19. ágúst 2024 11:19
To: Árni Eiríksson; Walter Kristjánsson; Harpa Magnúsdóttir; Hjalti Guðmundsson
Subject: Leikskólagjöld/skólavistun - vísitöluhækkunar

Sæl verið þið

Vangaveltur um vísitöluhækkunar á leikskólagjöldum, fæði í leikskóla og gjaldi fyrir skólavistun.

Á fundi 9. janúar bókuðum við eftirfarandi:

„Gjaldskrár- og verðlagshækkunar í Flóahreppi

Fyrir liggur minnisblað frá sveitarstjóra er varðar umræðu um gjaldskrár- og verðlagshækkunar vegna umræðu og ákalls til sveitarfélaga í landinu um endurskoðun á gjaldskrá. Sveitarstjórn styður umræðu um þjóðarsátt með það að markmiði að ná verðbólgu og vöxtum í landinu niður. Sveitarstjórn telur mikilvægt að þjóðarsátt náist vegna nýrra kjarasamninga og að á sama tíma axli hið opinbera ábyrgð með hófstiltum gjaldskrárhækkunum. Í nýsamþykkttri fjárhagsáætlun Flóahrepps eru hófstiltar hækkunar á gjaldskrá og sumar gjaldskrár tóku engum breytingum á milli ára. Samþykktar gjaldskrár vegna skólamáltíða, lengdrar viðveru, fæðisgjalda í leikskóla og leikskólagjalda ættu að taka hækkun skv. vísitölu neysluverðs 1. febrúar og 1. ágúst árlega. Sveitarstjórn samþykkir að gjaldskrár vegna skólamáltíða, lengdrar viðveru, fæðisgjalda í leikskóla og vegna leikskólagjalda taki ekki hækkunum skv. vísitölu neysluverðs þann 1. febrúar 2024.

Samþykkt með 5 atkvæðum“

Eftirfarandi bókuðum við svo eftir áskorun frá Sambandinu þann 8. apríl 2024.

„Áskorun til sveitarfélaga í tengslum við kjarasamninga 2024

Fyrir liggur til kynningar áskorun til sveitarfélaga frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga er varðar yfirlýsingu um stuðning ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna kjarasamninga sem voru undirritaðir þann 8. mars sl. Sveitarfélög eru hvött til að hækka ekki gjaldskrár fyrir árið 2024 umfram 3,5% og eru hvött til að endurskoða gjaldskrár ársins hafi þær hækkað meira. Í því samhengi sé sérstaklega horft til gjaldskráa er varða barnafjölskyldur og fólk í viðkvæmri stöðu. Í áskoruninni kemur einnig fram að útfærð verði leið til að skólamáltíðir grunnskólabarna verði gjaldfrjálsum frá og með ágúst 2024 til loka samningstímans. Þar er lagt upp með að kostnaðarþátttaka ríkisins verði 75% af núverandi gjaldskrá skólamáltíða. Áskorunin tekur einnig til húsnæðismála og mikilvægi öflugrar íbúðauppbyggingar þar sem sveitarfélög tryggi nægilegt framboð byggingarsvæða og lóða til skemmri og lengri tíma. Sveitarstjórn Flóahrepps fagnar gerð langtímakjarasamninga sem auka líkur á stöðugleika, bættu vaxtarstigi og lægri verðbólgu. Fyrirsjáanleiki í launahækkunum er að auki mikilvægur í rekstri og áætlanagerð sveitarfélaga. Sveitarstjórn tók ákvörðun á fundi 9. janúar 2024 að gjaldskrár vegna skólamáltíða, lengdrar viðveru í grunnskóla, fæðisgjalda í leikskóla og leikskólagjalda tækju ekki hækkunum skv. vísitölu neysluverðs þann 1. febrúar 2024. Sveitarstjórn Flóahrepps hefur þegar brugðist við ýmsum þáttum sem áskorunin tekur á og mun áfram hafa þessa þætti til hliðsjónar í öllum ákvörðunum sínum um gjaldskrárbreytingar. Sveitarstjórn Flóahrepps hvetur ríkið til að koma sem fyrst með útfærðar leiðir að gjaldfrjálsum skólamáltíðum. Varðandi húsnæðismál þá vinnur sveitarfélagið nú að deiliskipulagi fyrir íbúðabygging við Þingborg sem mun skapa framboð lóða og auka á fjölbreytni í byggingarmöguleikum í sveitarfélaginu. Nokkuð framboð er af stærra íbúðarlóðum í sveitarfélaginu á svæðum sem skipulögð eru af einkaaðilum.

Samþykkt með 5 atkvæðum“

Reikningar vegna leikskólagjalda fyrir ágúst fóru út frá gjaldkera núna í morgun og þar er gjaldskráin uppfærð skv. vísitölu frá 1. ágúst líkt og kveðið er á um í útgefnum gjaldskrá, samþykkttri af sveitarstjórn. Við hækkuðum ekki gjöldin 1. febrúar. Gjaldskrá fyrir skólavistun (frístund) á líka að taka breytingum frá 1. ágúst nema sveitarstjórn ákveði annað.


Mig langaði að vekja athygli ykkar á þessu þar sem vísitöluhækkunin frá ágúst í fyrra og til dagsins í dag er 6,3% (miðað við júlí vísitölu 2023 og júlí 2024).

Ég vil biðja ykkur um að láta mig vita ef þið viljið taka þetta inn á næsta fund til umræðu út frá áskorun Sambandsins frá því í mars þar sem sveitarfélög eru hvött til að hækka gjaldskrár ekki umfram 3,5% á árinu 2024.

Sveitarstjórn verður að taka formlega ákvörðun ef við ákveðum að hækkunin verði bara 3,5% og þá leiðréttum við ágústmánuð á næstu reikningum ef það verður niðurstaðan.

Bestu kveðjur
Hulda

Hulda Kristjánsdóttir
Sveitarstjóri Flóahrepps
hulda@floahreppur.is
www.floahreppur.is | 480 4370 | Þingborg



Þessi tölvupóstur og/eða viðhengi gæti innihaldið trúnaðarupplýsingar og/eða einkamál og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á. Ef sending þessi hefur ranglega borist má ekki skrá neitt úr póstinum hjá sér eða notfæra sér það á nokkurn hátt. Jafnframt er móttakanda skylt að gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna sendanda að upplýsingar hafi ranglega borist, sbr. fyrirmæli 9.mgr.47.gr laga nr. 81/2003 um fjarskipti.